

14

Sannleikurinn um helvíti

Allt frá upphafi syndarinnar hefur það verið verk djöfulsins að rangfæra Guð. Á hinnum læddi hann inn efasemdum í huga englanna um réttlæti og kærleik Guðs. Að endingu varð árangurinn af þessum blekkingarleik sá að þriðjungur englanna fylgdu honum í uppreisninni. Opinberunarbókin 12.3-4, 7-9.

Frá því að honum var varpað af hinnum hefur það verið úthugsaður ásetningur hans að valda usla og uppnámi á jörðinni. Með ranghugmyndum um eðli Guðs leitast djöfullinn við að snúa hjörtum manna frá Guði. Hann hefur m.a.s. ruglað þá sem segjast vera kristnir í ríminu. Þeir hugsa sem svo að ef Guð er Guð kærleikans, hvernig getur hann þá þínt fólk að eilífu í helvíti? Við munum nú rannsaka hvað Biblían segir um helvíti.

1. Fyrir hverja var „helvíti“ undirbúið? Matteus 25.41

2. Hvenær mun Kristur gjalda sérhverjum eftir breytni hans? Matteus 16.27

3. Í hvaða hópa mun Kristur skipa fólk þegar hann kemur aftur? Matteus 25.31-34

Lesið Matteus 13.24-30, 36-43.

Í þessari dæmisögu skýrir Kristur frá örlögum hinna ranglátu og launum hinna réttlátu í smáatriðum.

4. Hvenær segir Jesús, í þessari dæmisögu, að aðskilnaður hinna illu frá hinum góðu muni eiga sér stað? Vers 39

5. Hvenær verður hinum illu, eða illgresinu eytt, samkvæmt dæmisögunni? Vers 40

6. Hvenær mun Kristur senda engla sína til þess að aðskilja hina góðu frá þeim illu? Matteus 24.30-31

7. Hvað mun ekki koma fyrir þá sem trúá á Guð? Jóhannes 3.16

14-2

Ath. Þessi texti segir ekki að syndarinn muni lifa í kvölum að eilífu. Líf og dauði eru sett fram sem andstæður, sem sýnir að hinir illu munu hætta að lifa á meðan að þeir sem hafa tekið á móti gjöf Guðs muni halda áfram að lifa að eilífu.

8. Hvað kallar Guð dauðann sem er hin endanlega refsing hinna illu?

Opinberunarbókin 20.6, 14

9. Hver eru laun (eða afleiðing) syndarinnar samkvæmt Biblíunni? Rómverjabréfið 6.23

*Ath. Laun syndarinnar er **dauði**, ekki eilíf kvöl í helvíti. Dauði er andstæða eilífs lífs.*

10. Hversu algjör verður eyðing hinna illu? Malakí 4.1

11. Segja eftirfarandi vers að hinir illu munu brenna að eilífu?

Sálmarnir 21.10; 37.10, 20, 36; 145.20

12. Hvernig lýsir Guð afleiðingum eldsins sem búinn er hinum óguðlegu? Matteus 25.41

13. Hvers konar eld notaði Guð við eyðingu Sódómu og Gómorru? Júdasarbréfið 7

14. Hvernig er samanburður Guðs á því sem kom fyrir Sódómu og Gómorru og það sem mun verða um hina óguðlegu? 2 Pétursbréf 2.6

*Ath. Í dag standa Sódóma og Gómorra ekki í ljósum logum. Þær voru brenndar til ösku fyrir löngu síðan. **Það eru afleiðingar eldsins sem eru endanlegar og eilífur, en ekki refsunin sjálf.** Þegar maður hefur brunnið til ösku í eldi þá er það endanlegt!*

15. Hverju öðru eyðir þessi eldur og hreinsar fyrir utan hina óguðlegu? 2 Pétursbréf 3.10

16. Hvað finnst Guði um dauða þeirra sem hafna frelsun? Esekíel 33.11

14-3

Ath. Guð verður að fjarlægja syndina í eitt skipti fyrir öll úr alheiminum. Ef syndinni yrði leyft að vera til áfram myndi hún spilla öllum alheiminum. Og það er það sem olli vandamálum okkar til að byrja með.

17. Hversu marga vill Guð sjá glatast í helvíti? 2 Pétursbréf 3.9

18. Hvaða valkost býður Guð sérhverri manneskju á þessari jörð? 5 Mósebók 30.19-20

Samantekt: Guð er tvímælaust ekki í því að kvelja fólk. Hann hefur ekki ánægju af því að eyða neinu af börnum sínum sem hann skapaði en því miður gefa þau honum ekkert val sem hafna honum. Hann getur ekki aftur stofnað öllum alheiminum í hættu. Hann er Guð kærleikans.

Svör við nr. 14

Spurning 1 – Djöfulinn og engla (ára) hans

Spurning 2 – Við endurkomu hans

Spurning 3 – Hann mun aðskilja alla í tvo hópa: Sauðina frá höfrunum, hina trúðu frá hinum vantrúðu

Spurning 4 – Við endurkomuna

Spurning 5 – Við endurkomuna

Spurning 6 – Við endurkomuna

Spurning 7 – Þeir munu ekki glatast

Spurning 8 – Hinn annar dauði

Spurning 9 – Dauði

Spurning 10 – Hvorki rót né kvistur verður eftir af þeim

Spurning 11 – Nei

Spurning 12 – Eilífur eldur

Spurning 13 – Eilífan eld

Spurning 14 – Þetta er dæmi um það sem mun verða um hina óguðlegu

Spurning 15 – Jörðinni verður einnig eytt

Spurning 16 – Hann hefur ekki þóknun á dauða þeirra

Spurning 17 – Ekki neinn

Spurning 18 – Lífið eða dauðann